

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Orkuspárnefnd 2005-04  
**Fundartími:** Föstudagur 11. nóvember 2005 kl. 10:00-11:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9

**Fundarefni:**

- 1) Störf raforkuhóps.
- 2) Raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- 3) Endurreiknuð eldsneytisspá
- 4) Störf jarðvarmahóps.
- 5) Almennar forsendur orkuspáa.
- 6) Áætlun um vinnu ársins 2006.
- 7) Önnur mál.

---

**Fundinn sátu:**

**Orkuspárnefnd:** Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir  
Magnús Ásgeirsson  
Magnús Magnússon  
María Jóna Gunnarsdóttir  
Benedikt Valsson

**Verkfræðistofan Afl:** Jón Vilhjálmsson

**Fjarverandi:** Haukur Ingibergsson  
Ólafur Pálsson  
Sigurður Ágústsson  
Eymundur Sigurðsson

- 1) JV fór yfir störf raforkuhóps en hópurinn hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að því að koma söfnun og úrvinnslu gagna í nýtt horf vegna skipulagsbreytinga um síðustu áramót. Erfiðleikar hafa verið við að fá gögn þar sem breytingar hafa orðið á því hverjir skila inn gögnunum og ekki er það allt komið í endanlegt horf þó svo að stór hluti sé kominn í góðan farveg. Hópurinn hefur samþykkt áætlun um vinnu ársins 2006 þar sem gert er ráð fyrir að vinnan dragist saman um 100 tíma frá áætlun þessa árs.
- 2) JV sagði að ekki væru komin gögn um alla vinnslu fyrstu 9 mánaði ársins og það sem helst vantaði væri hluti af vinnslu Landsvirkjunar. Einnig er vandamál með ótryggðu orkuna. Gögn sem koma frá Landsneti eru komin í gott horf en þyrftum helsta að fá meiri gögn frá þeim til að þurfa ekki að sækja þau til allra veitna. JV fjallaði síðan um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Hann sagði að gera þyrfti breytingar á framsetningu taflna sem dreift hefur verið ársfjórðungslega. Hann sagði að eigin notkun veitna yrði flokkuð með almennri notkun enda erfitt að fá þá notkun sérstaklega. Einnig breytast flutningstöpin frá síðustu áramótum þar

sem flutningskerfið er orðið umfangsmeira en töpin eru 3,6% á fyrri hluta þessa árs en voru 2,9% á fyrri hluta síðasta árs. JV sagðist því hafa áætlað ný flutningstöp fyrir síðasta ár til að geta birt samræmdar tölur milli ára. Eftir þessa lagfæringu eykst almenn notkun um 3,1% á milli ára, raforkuvinnsla eykst um 1,1% og stórnotkun minnkar um 0,1%. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar notkunar 2,5%. JV benti á að miðað við þann mikla hagvöxt sem nú ætti sér stað væri þetta ekki mikil aukning.

- 3) RÍP dreifði skýrslu um endurreikning á eldsneytisspá. JV og MÁ sögðu að fengist hefði góð reynsla af þessum fyrsta endurreikningi á þeirri spá og sögðu að gott væri ef hægt væri að gera slíkt árlega sérstaklega þegar miklar breytingar eiga sér stað eins og hafa verið undanfarið á eldsneytismörkuðum. Einnig var rætt um gagnasöfnun en ekki hefur ennþá tekist að fá gögn frá sumum olúfélögum fyrir árin 2003 og 2004 og nú væri að bætast við þriðja árið sem vantaði gögn. Ekki virðist önnur trygg leið til að fá gögnin en að setja lög um þessa gagnasöfnun.
- 4) Jarðvarmahópur hefur ekki komið saman á árinu og sagði RÍP sagði að Árni Ragnarsson væri að hætta á Orkustofnun og þyrfti að finna nýjan starfsmann fyrir hópinn. JV nefndi að framundan væru nokkrar nýjar hitaveitur og gott væri ef hópurinn gæti tekið saman nýjar notkunartölur varðandi jarðvarmann.
- 5) JV dreifði nýrri útgáfu af almennum forsendum orkuspáa og sagði að þær ættu að vera komnar á heimasíðu nefndarinnar. Hann lagði til að nefndin færi ítarlega yfir almennu forsendurnar á næsta ári og var það samþykkt. MM benti á könnun úr Húnaþingi um akstur og ætlar hann að senda nefndarmönnum slóð á þá skýrslu. Einnig benti hann á Evrópsku lífskjarakönnunina sem er í vinnslu á Hagstofunni en þar eru ítarlegar upplýsingar um m.a. ýmis tæki á heimilum og er um að ræða könnun sem gerð er á öllu EES svæðinu.
- 6) JV fór yfir áætlun um vinnu fyrir raforkuhóp sem hópurinn hefur samþykkt. Tímafjöldi dregst saman um 100 frá árinu á undan. Einnig fjallaði hann um áætlun fyrir orkuspárnefnd í heild. RÍP mun skoða þessar áætlanir.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 10. febrúar 2006 kl 13:30. Fundi slitið kl. 11:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Eldsneytisspá 2005-2030. Endurreikningur á spá frá 2001 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. (JV)
- Almennar forsendur orkuspáa 2005. Samantekt fyrir vinnuhópa orkuspárnefndar. (JV)